

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 766/2019, um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Samstæðufélag getur ekki talist vera móðurfélag innan heildarsamstæðu ef annað samstæðufélag fer með bein eða óbein yfirráð yfir því.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 91. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.
Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. mars 2022.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

Vilmar Freyr Sævarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.